



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Spretts 18. júní 2024, fundur hófst kl 20:00.

Staður: Fundarherbergi Spretts

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmisdóttir, Hermann Vilmundarson, Haraldur Pétursson, Katla Gísladóttir, Davíð Áskelsson og Sigurbjörn Eiríksson.

Fjarverandi var: Lárus Sindri Lárusson

1. Yfirþjálfari, hvað er í gangi og hvað er framundan

Yfirþjálfari mætti og fór yfir stöðuna/verkefnin.

Umsókn til Rannís/Erasmus um landsþing yngri flokka, sótti um 10 millj. til tveggja ára. Svar kemur um mánaðarmótin júní/júlí. Mikil eftirfylgni ef styrkur fæst og talsverð skýrslugerð og lokaskýrsla. Talsvert af styrkjum í boði hér og þar og um að gera að sækja um.

Endurmenntun fyrir reiðkennara hefur lítið verið í boði undanfarin ár, vöntun á því og mögulegt að sækja um styrki tengt slíku námskeiði.

Þórdís er búin að sækja um Erasmus númer fyrir Sprett og því ekkert því til fyrirstöðu að sækja um fleiri styrki. Helgarferð æskulíðsnefndar í Flagbjarnarholt gekk mjög vel, en veðrið hefði mátt vera betra. Framundan er svo æskulýðsreiðtúr, keppnisnámskeið og Landsmótsundirbúningur. Þarf að hafa fund fyrir yngri keppendur þar sem farið er yfir reglurnar, fundurinn þarf helst að vera á mánudaginn, afhenda knapagjafir og merki félagsins og leggja áherslu samheldni hópsins.

2. Störf framkvæmdastjóra

Farið yfir stöðuna og verkefnin.

3. Siðareglur og viðbragðsáætlanir

Jónína geri drög af siðareglum og viðbragðsáætlun EKKÓ fyrir Sprett og sendi á stjórn til rýni. Stuðst var m.a. við gögn frá ÍSÍ, LH og Landsbjörg. Rætt var um að stofna siðanefnd og stungið var upp á nokkrum nöfnum í slíka nefnd.

4. Auglýsingar á veggjum hallarinnar

Það þarf að byrja upp á nýtt í haust með auglýsingarnar í Samskipahöllinni. Gera skriflega samninga og senda út reikninga strax um áramótin, slíkt hefur verið ábótavant síðustu árin.

5. Landsmót

Nokkrum aðilum úr stjórnkerfinu verður boðið á Landsmótið. Ráðherrum sem tengjast hestamálum á einhvern hátt, bæjarstjórum Kópavogs og Garðabæjar, borgarstjóra ásamt sitjandi og verðandi forseta.

Félagsgrill Spretts verður haldið, Sigurbjörn og Haraldur þá taka að sér.

Styrktarmál rædd.

6. Kynbótasýningar, gangur og rukkun

Sýningin í síðustu viku gekk mjög vel, verðin liggja fyrir og reikningur verður sendur.

Kom upp atvik milli áhaldahúss Kópavogs og Sprett vegna vatnsmála. Jónína sendi afsökunarbeiðni á Ásthildi Helgadóttur hjá Kópavogsbæ.

7. **Yfirfara brunaslöngur**
Hermann tekur að sér.
8. **Staða yfirþjálfara – umsóknarfrestur**
Fyrsti frestur er til 25 júní. Sigurbjörn kemur tilkynningu á miðla, frestur framlengdur ef ástæða þykir til.
9. **Metamót**
Theódóra Þorvaldsdóttir er til í að taka að sér Metamótið í haust.
10. **NM styrkur**
Ákveðið að styrkja knapa sem keppt hafa fyrir hönd fyrir hönd Spretts vegna þátttöku á FEIF Youth Cup í júlí og Norðurlandamóti í ágúst.
11. **Unglingavinnan – verkefni**
Hermann og Jónína taka þennan bolta áfram með bæjarfálögunum.
12. **Salurinn – næstu skref.**
Yfirfærsla á veitingasalnum yfir á hópinn sem tekur hann að sér þar til annað verður ákveðið.
13. **Félagshesthús**
Samþykkt var að Jóna Guðný fengi að nota félagshesthúsið áfram enda allir aðrir farnir úr húsinu.
14. **Speglar í reiðhöllinni**
Jónína og Sigurbjörn munu hitta Hermann Arason og fara yfir málið, ljóst er að reikningar voru ekki að full greiddir, þrátt fyrir ítrekanir til framkvæmdarstjóra og gjaldkera.
15. **Önnur mál**
Endurvekja þarf fræðslunefnd Spretts, búið er að ræða við nokkra aðila.
Sigurbjörn hitti Jón í Reiðvegnefndinni, Ari í Loftorku sem vilja fara að vinna í breytingum á reiðveginum við Hattarvallahöllina, nauðsynlegar breytingar vegna nýja hverfisins.

Fundi slitið kl. 22:15

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson